

**Fundur í foreldraráði Borgarholtsskóla
haldinn þann 13. desember 2011 kl.16**

**Mættar á fundinn: Anna María Schmidt, Elísabet Magnúsdóttir, Hulda Markúsdóttir
og Ásdís Kristinsdóttir f.h. skólans.**

Rætt um reynslu foreldra af skólanum þessa fyrstu önn sem er að líða en hún er yfirleitt góð. Unglingarnir þeirra eru almennt ánægðir í skólanum, þeir eiga hér vini og líður vel og gengur námið ágætlega. Maturinn í mótuneytinu þykir of dýr en ánægja með hafragrautinn og súpumáltíðir sem hægt er að kaupa. Óskað eftir að úrval af ódýrari máltíðum yrði aukið og fram kom hugmynd um að hægt yrði að vera í áskrift með léttan hádegisverð.

Rætt um að hvetja þurfi foreldra til að nota heimasíðu skólans meira. Svo virðist sem foreldrar átti sig ekki á því að miðannarmatið er sett inn um miðja önn og veitir vísbendingar um gengi nemans.

Á næstu önn má búast við að félagslífið verði öflugra og þar meðtalin skólaböllin. Þá þurfa foreldrar að fá skilaboð um áherslur skólans í tengslum við böllin, þ.e. að ekki eigi að leyfa eftirlitslaus party, ekki eigi að kaupa áfengi fyrir nemendur og að sækja skuli þá að ballinu loknu. Einnig kom fram hugmynd um að umsjónarkennarar myndu minna foreldra á að hafa samband á önninni, það getur verið gott að hafa einhver tengsl hingað inn í skólann svona á fyrsta árinu. Foreldrar munu svo koma að gæslu á glæsiballinu.

Ásdís tók að sér að koma til umsjónarkennara þeim boðum að þeir myndu hvetja foreldra til að hafa samband og til mótuneytisnefndar þeim sjónarmiðum sem fram komu á fundi. Anna María boðar svo næsta fund um miðjan janúar.

Fundi slitið kl. 17.

Fundarritari var Ásdís Kristinsdóttir